

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2002/21/EB

frá 7. mars 2002

um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Núverandi reglurammi um fjarskipti hefur reynst vel að því er varðar að skapa skilyrði fyrir virka samkeppni á fjarskiptasviðinu á meðan umskiptin frá einokun til fullrar samkeppni áttu sér stað.
- 2) Hinn 10. nóvember 1999 lagði framkvæmdastjórnin orðsendingu fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina sem bar heitið „Nýr rammi um grunnvirki fyrir rafræn fjarskipti og tengda þjónustu – endurskoðun fjarskipta á árinu 1999“. Í þeirri orðsendingu kom fram endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar á gildandi regluramma um fjarskipti í samræmi við skyldur sínar skv. 8. gr. tilskipunar ráðsins 90/387/EEB frá 28. júní 1990 um myndun innri markaðar fyrir fjarskiptaþjónustu með því að koma á fjálsfum aðgangi að netum ⁽⁴⁾. Hún lagði einnig fram röð tillagna að stefnu að því er varðar nýjan regluramma um rafræn fjarskiptavirki og tengda þjónustu með samráð við almenning í huga.
- 3) Hinn 26. apríl 2000 lagði framkvæmdastjórnin orðsendingu fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina um niðurstöður af samráði við almenning um endurskoðun fjarskipta frá 1999 og stefnumið að því er varðar nýja

regluramman. Í orðsendingunni kom fram samantekt um samráð við almenning og sett voru fram ákveðin meginstefnumið vegna vinnu við gerð nýja rammans um rafræn fjarskiptavirki og tengda þjónustu.

- 4) Á fundi leiðtoga ráðsins í Lissabon dagana 23. og 24. mars 2000 var lögð áhersla á vaxtarmöguleika, samkeppnishæfni og atvinnusköpun sem fylgja því að færast í átt til stafræns hagkerfis sem grundvallast á þekkingu. Þar var einkum lögð áhersla á mikilvægi þess að fyrirtæki og borgarar í Evrópu hafi aðgang að ódýrum fjarskiptavirkjum á heimsmælikvarða og fjölbreyttri þjónustu.
- 5) Samleitni fjarskipta-, fjölmiðla- og upplýsingatækni-sviða merkir að einn reglurammi skuli fjalla um öll sendinet og -þjónustu. Þessi reglurammi samanstendur af þessari tilskipun og fjórum sértilskipunum: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/20/EB frá 7. mars 2002 um heimild fyrir rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu (heimildartilskipun) ⁽⁵⁾, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/19/EB frá 7. mars 2002 um aðgang að rafrænum fjarskiptanetum og samtengingu þeirra og tilheyrandi aðstöðu (tilskipun um aðgang) ⁽⁶⁾, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (tilskipun um alþjónustu) ⁽⁷⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/66/EB frá 15. desember 1997 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á fjarskiptasviðinu ⁽⁸⁾, (hér á eftir nefndar „sértilskipanirnar“). Nauðsynlegt er að aðskilja eftirlit með sendingum frá eftirliti með efni. Þessi rammi fjallar því ekki um efni þeirrar þjónustu sem veitt er um rafræn fjarskiptanet með hjálp rafrænnar fjarskiptaþjónustu, svo sem efni sem er útvarpað, fjármálaþjónustu og tiltekna þjónustu í upplýsingasamfélaginu og er því með fyrirvara um ráðstafanir sem gerðar eru á vettvangi bandalagsins eða á innlendum vettvangi með tilliti til slíkrar þjónustu í samræmi við lög bandalagsins í því skyni að stuðla að menningarlegri fjölbreytni og fjölbreytni tungumála og til að standa vörð um margbreytileika

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 365 E, 19.12.2000, bls. 198 og Stjtið. EB C 270 E, 25.9.2001, bls. 199.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 123, 25.4.2001, bls. 56.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 1. mars 2001 (Stjtið. EB C 277, 1.10.2001, bls. 91), sameiginleg afstaða ráðsins frá 17. september 2001 (Stjtið. EB C 337, 30.11.2001, bls. 34) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 12. desember 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 14. febrúar 2002.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 192, 24.7.1990, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/51/EB (Stjtið. EB L 295, 29.10.1997, bls. 23).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 21.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 7.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 51.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 1.

fjölmiðla. Í tilskipun ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur ⁽¹⁾ er fjallað um efni sjónvarpsdagskrár. Að aðskilja eftirlit með sendingum og eftirlit með efni kemur ekki í veg fyrir að tekið sé tillit til þeirra tengsla sem eru þar á milli, einkum í því skyni að tryggja margbreytileika fjölmiðla, menningarlega fjölbreytni og neytendavernd.

6) Efnt er til stefnumörkunar á sviði hljóð- og myndmiðlunar og eftirlits með efni til að ná fram markmiðum er varða almenna hagsmuni, svo sem tjáningarfrelsi, margbreytileika fjölmiðla, óhlutdrægni, menningarlega fjölbreytni og fjölbreytni tungumála, félagslega aðlögun, neytendavernd og vernd ólöggráða barna. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar „Meginreglur og viðmiðunarreglur fyrir stefnu bandalagsins á sviði hljóð- og myndmiðlunar á stafrænni öld“ og í ályktunum ráðsins frá 6. júní 2000, þar sem þessari orðsendingu er fagnað, eru settar fram þær megináðgerðir sem bandalagið verður að gera til að hrinda stefnu sinni á sviði hljóð- og myndmiðla í framkvæmd.

7) Ákvæði þessarar tilskipunar og sértilskipananna hafa ekki áhrif á þann möguleika hvers aðildarríkis að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja vernd grundvallaröryggishagsmuna sinna, standa vörð um allsherjarreglu og almannaöryggi og til að heimila rannsókn, afhjúpun og lögsókn í refsímálum, þ.m.t. að innlent stjórnvald leggi sérstakar og hlutfallsbundnar skyldur á þá sem veita rafræna fjarskiptabjónustu.

8) Þessi tilskipun tekur ekki til búnaðar sem fellur undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra ⁽²⁾ en tekur til neytendabúnaðar sem notaður er fyrir stafrænt sjónvarp. Mikilvægt er fyrir stjórnvald að hvetja rekstraraðila neta og framleiðendur notendabúnaðar til að eiga samstarf um að auðvelda aðgang fatlaðra notenda að rafrænni fjarskiptabjónustu.

9) Þjónusta í upplýsingasamfélaginu fellur undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna, lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti“) ⁽³⁾.

10) Skilgreiningin á „þjónustu í upplýsingasamfélaginu“ í 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta á sviði tækniaðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu ⁽⁴⁾ nær yfir víðtækt svið atvinnustarfsemi sem fram fer með beintengdum hætti. Mest af þessari starfsemi fellur ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar þar sem hún felst ekki að öllu eða mestu leyti í því að flytja merki á rafrænum fjarskiptanetum. Talsímaþjónusta og tölvupóstsendingaþjónusta fellur undir þessa tilskipun. Sama fyrirtæki, t.d. Netþjónustuveita, getur boðið bæði rafræna fjarskiptabjónustu, eins og aðgang að Netinu, og þjónustu sem ekki fellur undir þessa tilskipun, svo sem framboð efnis á vefgrunni.

11) Í samræmi við meginregluna um aðskilnað eftirlits- og rekstrarhlutverks ber aðildarríkjunum að tryggja sjálfstæði innlands stjórnvalds með það í huga að tryggja að það taki ákvörðanir án hlutdrægni. Þessi krafa um sjálfstæði hefur ekki áhrif á sjálfræði stofnana og stjórnskipulegar skyldur aðildarríkjanna, né á meginregluna um hlutleysi að því er varðar tilhögun eignaréttar í aðildarríkjunum sem mælt er fyrir um í 295. gr. sáttmálans. Rétt er að innlent stjórnvald ráði yfir öllu nauðsynlegu starfsliði, sérþekkingu og fjármunum til að það geti rækt starfsemi sína.

12) Allir aðilar, sem ákvörðun innlands stjórnvalds nær til, skulu hafa rétt til að áfrýja til aðila sem er óháður þeim aðilum sem málið varðar. Þessi aðili getur verið dómstóll. Enn fremur skulu öll fyrirtæki, sem telja að umsóknir þeirra um rétt til að setja upp aðstöðu hafi ekki hlotið meðferð í samræmi við meginreglurnar sem settar eru í þessari tilskipun, eiga rétt á því að áfrýja slíkum ákvörðunum. Þessi málsmeðferð við áfrýjun hefur ekki áhrif á skiptingu valdssviðs innan innlenda dómskerfisins og réttindi lögaðila eða einstaklinga samkvæmt landslögum.

13) Innlent stjórnvald þarf að afla upplýsinga frá markaðsaðilum til að geta gegnt skyldum sínum á árangursríkan hátt. Einnig kann að vera nauðsynlegt að framkvæmdastjórnin afli slíkra upplýsinga til að gera henni kleift að uppfylla skyldur sínar samkvæmt bandalagslögum. Beiðnir um upplýsingar skulu vera í réttu hlutfalli við tilganginn og ekki leggja ótilhlýðilega byrði á fyrirtæki. Upplýsingar, sem

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 298, 17.10.1989, bls. 23. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/36/EB (Stjtið. EB L 202, 30.7.1997, bls. 60).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 98/48/EB (Stjtið. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18).

innlent stjórnvald aflar, skulu vera aðgengilegar öllum, að svo miklu leyti sem þær eru ekki trúnaðarmál, í samræmi við innlendar reglur um almennan aðgang að upplýsingum og með fyrirvara um bandalagslög og innlend lög um viðskiptaleynd.

- 14) Einungis er heimilt að skiptast á upplýsingum, sem innlent stjórnvald telur trúnaðarmál í samræmi við bandalagsreglur og innlendar reglur um viðskiptaleynd, við framkvæmdastjórnina og annað innlent stjórnvald ef slík skipti eru alveg nauðsynleg vegna beitingar ákvæða þessarar tilskipunar eða sértilskipananna. Upplýsingarnar, sem skipst er á, skulu takmarkaðar við það sem málið varðar og vera í réttu hlutfalli við tilganginn með slíkum skiptum.
- 15) Mikilvægt er að innlent stjórnvald hafi samráð við alla hagsmunaaðila um fyrirhugaðar ákvarðanir og taki tillit til athugasemda þeirra áður en það samþykkir endanlega ákvörðun. Í því skyni að tryggja að ákvarðanir á landsvísu hafi ekki skaðleg áhrif á innri markaðinn eða önnur markmið sáttmálans ber innlendu stjórnvaldi einnig að tilkynna framkvæmdastjórninni og öðru innlendu stjórnvaldi um drög að tilteknum ákvörðunum til að þau fái tækifæri til að gera athugasemdir. Það er við hæfi að innlent stjórnvald hafi samráð við hagsmunaaðila um öll drög að ráðstöfunum sem hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja. Þau tilvik, þar sem málsmeðferð, sem um getur í 6. og 7. gr., gildir, eru skilgreind í þessari tilskipun og í sértilskipununum. Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við fjarskiptanefndina, geta krafist þess að innlent stjórnvald afturkalli drög að ráðstöfun ef hún varðar skilgreiningu á viðkomandi mörkuðum eða hvort fyrirtæki með verulegan markaðsstyrk er tilnefnt eða ekki og ef slíkar ákvarðanir gætu leitt til hindrana á innri markaðinum eða samrýmdust ekki lögum bandalagsins, einkum stefnumarkmiðum sem innlent stjórnvald á að fylgja. Þessi málsmeðferð hefur ekki áhrif á málsmeðferð um tilkynningu sem kveðið er á um í tilskipun 98/34/EB og heimildir framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt sáttmálanum að því er varðar brot á bandalagslögum.
- 16) Innlent stjórnvald skal hafa samhæfð markmið og meginreglur við að styðjast og skulu, ef nauðsyn ber til, samræma aðgerðir sínar aðgerðum stjórnvalds í öðru aðildarríki, er það sinnir verkefnum sínum samkvæmt þessum regluramma.
- 17) Starfsemi innlands stjórnvalds, sem komið er á fót samkvæmt þessari tilskipun og sértilskipununum, stuðlar að framkvæmd viðtækari stefnu á sviði menningar, atvinnamála, umhverfisins, félagslegrar samhaldni og skipulags bæja og sveita.

- 18) Sú krafa, að aðildarríkin tryggi að innlent stjórnvald taki ýtrasta tillit til þess að æskilegt er að reglur séu hlutlausar að því er tækni varðar, þ.e.a.s. að það hvorki fyrirskipi né mismuni þannig að það komi ákveðinni tegund tækni til góða, kemur ekki í veg fyrir að það geri hlutfallsbundnar ráðstafanir til að styðja við tiltekna, sérstaka þjónustu ef slíkt er réttlætanlegt, t.d. stafrænt sjónvarp sem stuðlar að því að notkun tíðnirófsins verði skilvirkari.
- 19) Tíðnir fyrir þráðlausar sendingar eru grundvallarforsenda fyrir rafrænni fjarskiptapjónustu sem byggir á þráðlausum sendingum og skal innlent stjórnvald að því marki sem þær tengjast slíkri þjónustu skipta þeim niður og úthluta samkvæmt samhæfðum markmiðum og meginreglum sem gilda um aðgerðir þess, sem og viðmiðunum sem eru hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar, að teknu tilliti til lýðræðislegra og félagslegra hagsmuna og hagsmuna, er varða tungumál og menningu, sem tengjast notkun tíðna. Mikilvægt er að skiptingu og úthlutun tíðna fyrir þráðlausar sendingar sé stjórnað á eins skilvirkan hátt og mögulegt er. Framsal á tíðnum fyrir þráðlausar sendingar getur verið skilvirk leið til að auka skilvirka notkun tíðnirófsins svo fremi að nægilegar öryggisráðstafanir séu gerðar til að tryggja hagsmuni almennings, einkum nauðsyn þess að tryggja gagnsæi og eftirlit með slíku framsali. Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB frá 7. mars 2002 um regluramma um stefnu Evrópu-bandalagsins um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar) ⁽¹⁾ er komið á fót regluramma um samhæfingu tíðna fyrir þráðlausar sendingar og aðgerðir, sem gripið er til samkvæmt þessari tilskipun, skulu miða að því að auðvelda vinnu samkvæmt þeirri ákvörðun.
- 20) Aðgangur að númerum á grundvelli viðmiðana, sem eru gagnsæjar, hlutlægar og án mismununar, er nauðsynlegur fyrir fyrirtæki til að geta tekið þátt í samkeppni á rafræna fjarskiptasviðinu. Öllum þáttum innlands númeraskipulags skal stjórnað af innlendu stjórnvaldi, þ.m.t. kóðum sem notaðir eru við netáritun. Ef þörf er á samhæfingu númera í bandalaginu til að styðja þróun samevrópskrar þjónustu er framkvæmdastjórninni heimilt að nota framkvæmdavald sitt til að gripa til tæknilegra framkvæmdarráðstafana. Aðildarríkin skulu, eftir því sem við á til að tryggja hnattrænt rekstrarsamhæfi þjónustu, samræma afstöðu einstakra ríkja í samræmi við sáttmálann innan alþjóðastofnana og annars staðar á alþjóðavettvangi þar sem ákvarðanir um númeramál eru teknar. Með ákvæðum þessarar tilskipunar er ekki komið á nýjum sviðum skyldna að því er varðar innlent stjórnvald sem fjalla um úthlutun heita og vistfanga á Netinu.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 1.

- 21) Aðildarríkjunum er m.a. heimilt að nota valaðferðir sem byggjast á samkeppni eða samanburði til að úthluta tíðnum fyrir þráðlausar sendingar, sem og númerum sem hafa sérstakt fjárhagslegt gildi. Við stjórn slíkra aðferða skal innlent stjórnvald taka tillit til ákvæða 8. gr.
- 22) Tryggja skal að í tæka tíð sé fyrir hendi málsmeðferð um veitingu réttar til að setja upp aðstöðu, sem er án mismununar og gagnsæ, í því skyni að tryggja skilyrðin fyrir sanngjarnri og virkri samkeppni. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á innlend ákvæði um eignarnám eða notkun eigna, eðlilega nýtingu hugverkaréttar, eðlilega nýtingu almenningseigna eða meginregluna um hlutleysi að því er varðar reglur um tilhögun eignaréttar í aðildarríkjunum.
- 23) Hagkvæmt getur verið að samnýta aðstöðu vegna bæjarskipulags, almannaheilbrigðis- eða umhverfisþátta og innlent stjórnvald ætti að hvetja til þess á grundvelli frjálsra samninga. Í þeim tilvikum, þar sem fyrirtæki hafa ekki aðgang að öðrum vænlegum kostum, kann skyldubundin samnýting aðstöðu eða eigna að vera við hæfi. Hún tekur m.a. til efnislegrar hýsingar og samnýtingar stokka, bygginga, mastra, loftneta eða loftnetakerfa. Skyldubundna samnýtingu aðstöðu og eigna skal einungis leggja á fyrirtæki eftir fullt samráð við almenning.
- 24) Ef þess er krafist af rekstraraðilum farneta að þeir samnýti möstur eða turna af umhverfisástæðum kann sú samnýting sem fyrirskipuð er, að leiða til þess að dregið verði úr leyfilegu hámarkssendiafli hvers rekstraraðila af ástæðum er varða almannaheilbrigði sem aftur kann að hafa það í för með sér að rekstraraðilar setji upp fleiri sendistöðvar til að tryggja útbreiðslu innanlands.
- 25) Við ákveðnar aðstæður er þörf á að leggja á skyldur fyrir fram í því skyni að tryggja þróun samkeppnismarkaðar. Skilgreiningin á verulegum markaðsstyrk í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/33/EB frá 30. júní 1997 um samtengingu í fjarskiptum til að tryggja altæka þjónustu og rekstrarsamhæfi með því að beita meginreglum um frjálsan aðgang að netum (ONP) ⁽¹⁾ hefur reynst skilvirk á fyrstu stigum markaðsöfnunar sem viðmiðunarmörk fyrir skyldur sem hafa verið lagðar á fyrir fram en þarf nú að aðlagða þannig að þær henti flóknari og öflugri markaði. Af þessum sökum er skilgreiningin, sem notuð er í þessari tilskipun, jafngild hugtakinu um yfirburði eins og það er skilgreint í dómaframkvæmd dómstóls Evrópubandalaganna og dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi.
- 26) Tvö eða fleiri fyrirtæki geta talist njóta sameiginlegrar yfirburðarstöðu, ekki einungis þegar til staðar eru skipulagsleg eða önnur tengsl á milli þeirra heldur einnig þegar skipulag viðkomandi markaðar stuðlar að samræmdum áhrifum, þ.e. hvetur til samhliða eða samræmds, samkeppnishamlandi hátternis á markaðnum.
- 27) Grundvallaratriði er að eftirlitsskyldur, sem lagðar eru á fyrir fram, skuli einungis leggja á ef ekki er um virka samkeppni að ræða, þ.e. markaði þar sem eitt eða fleiri fyrirtæki hafa verulegan markaðsstyrk og þar sem úrræði innlendrar samkeppnislöggjafar og samkeppnislöggjafar bandalagsins eru ekki nægileg til að ráða bót á vandamálinu. Því er nauðsynlegt að framkvæmdastjórnin semji viðmiðunarreglur á vettvangi bandalagsins í samræmi við meginreglur samkeppnislöggjafar sem innlent stjórnvald fer eftir við mat á því hvort samkeppnin er virk á tilteknum markaði og við mat á verulegum markaðsstyrk. Innlent stjórnvald skal greina hvort samkeppni á tilteknum vöru- eða þjónustumarkaði sé virk á tilteknu landsvæði, sem getur verið allt yfirráðsvæði aðildarríkisins sem um er að ræða, eða hluti þess, eða nærliggjandi hlutar yfirráðsvæða aðildarríkjanna sem litið er á sem heild. Greining á því hvort samkeppni sé virk ætti að innihalda greiningu á því hvort horfur séu á því að markaðurinn verði samkeppnismarkaður og þar með hvort skortur á virkri samkeppni sé varanlegur. Þessar viðmiðunarreglur munu einnig fjalla um málefni nýrra markaða þar sem í raun er líklegt að forystuhafi á markaði hafi umtalsverða markaðshlutdeild en þar skulu ekki lagðar á skyldur sem eiga ekki við. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessar viðmiðunarreglur reglulega til að tryggja að þær eigi við um markaði í örrí þróun. Innlend stjórnvöld þurfa að vinna saman innbyrðis ef viðkomandi markaður telst vera millilandamarkaður.
- 28) Innlent stjórnvald skal ákvarða hvort fyrirtæki teljist hafa verulegan markaðsstyrk á tilteknum markaði í samræmi við lög bandalagsins og taka ýrasta tillit til viðmiðunarreglna framkvæmdastjórnarinnar.
- 29) Bandalagið og aðildarríki þess hafa tekið á sig skuldbindingar með tilliti til staðla og reglurammans um fjarskiptanet og -þjónustu innan Alþjóða-viðskiptastofnunarinnar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 199, 26.7.1997, bls. 32. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 98/61/EB (Stjtið. EB L 268, 3.10.1998, bls. 37).

- 30) Stöðlun skal áfram vera fyrst og fremst markaðsstýrt ferli. Hins vegar kunna enn að vera fyrir hendi aðstæður þar sem við á að krefjast samræmis við tiltekna staðla á vettvangi bandalagsins til að tryggja rekstrarsamhæfi innri markaðarins. Á landsvísi eru aðildarríkin háð ákvæðum tilskipunar 98/34/EB. Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/47/EB frá 24. október 1995 um notkun staðla um merkja-sendingar fyrir sjónvarp ⁽¹⁾ voru ekki fyrirmæli um tiltekið, stafrænt sjónvarpssendingarkerfi eða kröfur um þjónustu. Fyrir tilstilli samstarfshópsins um stafrænt sjónvarp hafa aðilar á evrópska markaðnum þróað hóp sjónvarpssendingakerfa sem hafa verið stöðluð af Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu og eru orðin að tilmælum Alþjóðafjarskiptasambandsins. Hverri ákvörðun um að framkvæmd þessara staðla verði skyldubundin skal fylgja fullt samráð við almenning. Málsmeðferð við stöðlun samkvæmt þessari tilskipun er með fyrirvara um ákvæði tilskipunar 1999/5/EB, tilskipunar ráðsins 73/23/EBE frá 19. febrúar 1973 um samhæfingu laga aðildarríkjanna um rafföng sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka ⁽²⁾ og tilskipunar ráðsins 89/336/EBE frá 3. maí 1989 um samræmingu laga aðildarríkjanna um rafsegulsviðssamhæfi ⁽³⁾.
- 31) Hvetja skal til rekstrarsamhæfis stafrænnar, gagn-virkar sjónvarpsþjónustu og þróaðs, stafræns sjón-varpsbúnaðar, að því er snýr að neytandanum, í því skyni að tryggja frjálst flæði upplýsinga, margbreytileika fjölmiðla og menningarlega fjölbreytni. Æskilegt er að neytendur geti tekið á móti, óháð sendingarmáta, allri stafrænni, gagnvirkri sjónvarps-þjónustu með hliðsjón af tæknilegu hlutleysi, tækni-þróun til framtíðar, nauðsyn þess að hvetja til þess að stafrænt sjónvarp verði notað og stöðu samkeppni á mörkuðum fyrir stafræna sjónvarpsþjónustu. Rekstraraðilar gagnvirkra, stafrænna sjónvarpskerfa skulu leitast við að taka í notkun opinn skilflöt notkunarforrita (API) sem samræmist stöðlum, eða forskriftum samþykktum af evrópskri staðlastofnun. Hvetja skal til þess að skipt verði um skilfleti notkunarforrita og nýir, opnir skilfletir notkunarforrita teknir í notkun og skiptin verði skipulögð, t.d. með viljayfirlýsingu allra viðkomandi markaðsaðila. Opnir skilfletir notkunarforrita auðvelda rekstrarsamhæfi, þ.e. flutningshæfni gagnvirkis efnis milli dreifingar-kerfa og fulla virkni þessa efnis í þróuðum, stafrænum sjónvarpsbúnaði. Hins vegar skal taka tillit til nauðsynjar þess að hindra ekki virkni móttöku-búnaðarins og að verja hann fyrir illgjörnum árásum, t.d. af völdum veira.
- 32) Ef upp kemur ágreiningur milli fyrirtækja í sama aðildarríki á sviði sem þessi tilskipun eða sértilskipanirnar taka til, t.d. að því er varðar skyldur um aðgang og samtengingu eða með hvaða hætti skuli skiptast á áskrifendaskrá, á aðili, sem hallað er á og samið hefur í góðri trú en ekki komist að samkomu-lagi, að geta leitað til innlends stjórnvalds um að leysa úr ágreiningnum. Innlent stjórnvald á að geta sagt fyrir um lausn fyrir aðilana. Við íhlutun innlends stjórnvalds í lausn deilumáls milli fyrirtækja, sem bjóða rafræn fjarskiptanet og -þjónustu í aðildarríki, skal leitast við að tryggja að skyldurnar samkvæmt þessari tilskipun eða sértilskipununum séu uppfylltar.
- 33) Auk þess málskotsréttar, sem kveðið er á um í innlendum lögum og lögum bandalagsins, er þörf á einfaldri málsmeðferð, sem er hafin að beiðni annars hvors deiluaðilans, til að leysa deilur yfir landamæri sem eru utan verksviðs einstaks innlends stjórnvalds.
- 34) Ein nefnd skal koma í stað „nefndarinnar um framboð á opnum aðgangi að netum“, sem komið var á fót með 9. gr. tilskipunar 90/387/EBE, og leyfisveitingar-nefndarinnar sem komið var á laggirnar með 14. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/13/EB frá 10. apríl 1997 um sameiginlegan ramma um almennar heimildir og rekstrarleyfi á sviði fjarskipta-þjónustu ⁽⁴⁾.
- 35) Innlend stjórnvöld og innlend samkeppnisyfirvöld skulu veita hvort öðru upplýsingarnar sem nauðsynlegar eru til að beita ákvæðum þessarar tilskipunar og sértilskipananna í því skyni að gera þeim kleift að eiga fullt samstarf. Að því er varðar upplýsingarnar, sem skipst er á, skal stjórnvaldið, sem tekur við upplýsingunum, tryggja sömu þagnarskyldu og stjórnvaldið sem upplýsingarnar eru fengnar frá.
- 36) Framkvæmdastjórnin hefur gefið til kynna fyrirætlan sína um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila fyrir rafræn fjarskiptanet og -þjónustu sem myndi skapa hentugt fyrirkomulag til að hvetja til samvinnu og samræmingar innlendra stjórnvalda í því skyni að stuðla að þróun innri markaðarins fyrir rafræn fjarskiptanet og -þjónustu og til að leitast við að ná fram samkvæmri beitingu í öllum aðildarríkjum á ákvæðunum sem sett eru í þessari tilskipun og sértilskipununum, einkum á sviðum þar sem innlend lög um beitingu laga bandalagsins veita innlendu stjórnvaldi verulegan ákvörðunarrétt við beitingu viðkomandi reglna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 51.⁽²⁾ Stjtið. EB L 77, 26.3.1973, bls. 29.⁽³⁾ Stjtið. EB L 139, 23.5.1989, bls. 19.⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 117, 7.5.1997, bls. 15.

37) Þess skal krafist að innlend stjórnvöld vinni saman innbyrðis og með framkvæmdastjórninni á gagnsæjan hátt til að tryggja samkvæmni við beitingu í öllum aðildarríkjum á ákvæðum þessarar tilskipunar og sértilskipananna. Þessi samvinna gæti átt sér stað, m.a. innan fjarskiptanefndarinnar eða í hópi sem samanstendur af evrópskum eftirlitsaðilum. Aðildarríkin skulu ákveða hvaða stofnanir eru innlent stjórnvald að því er þessa tilskipun og sértilskipanirnar varðar.

38) Ráðstafanir, sem gætu haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkja, eru ráðstafanir sem kunna að hafa áhrif, beint eða óbeint, raunverulega eða hugsanlega, á viðskiptamynstur milli aðildarríkja á þann hátt sem gæti skapað hindrun á innri markaðnum. Þær samstanda af ráðstöfunum sem hafa veruleg áhrif á rekstraraðila eða notendur í öðrum aðildarríkjum, sem fela m.a. í sér ráðstafanir, sem hafa áhrif á verð til notenda í öðrum aðildarríkjum, ráðstafanir, sem hafa áhrif á getu fyrirtækis með staðfestu í öðru aðildarríki til að veita rafræna fjarskiptaþjónustu, og einkum ráðstafanir, sem hafa áhrif á getuna til að bjóða þjónustu milli landa, og ráðstafanir sem hafa áhrif á gerð markaðar eða aðgang og hafa afleiðingar fyrir fyrirtæki í öðrum aðildarríkjum.

39) Endurskoða skal ákvæði þessarar tilskipunar reglulega, einkum með tilliti til þess að taka ákvörðun um hvort þörf sé á breytingum í ljósi breytinga á tækni eða markaðsaðstæðum.

40) Ráðstafanirnar, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessari tilskipun skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽¹⁾.

41) Þar sem aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum fyrirhugaðra aðgerða, þ.e. samhæfðum regluramma um rafræna fjarskiptaþjónustu, rafræn fjarskiptanet, tilheyrandi aðstöðu og tilheyrandi þjónustu og þar sem, vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og hafa mikil áhrif, þeim verður betur náð á vettvangi bandalagsins, er bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðis-regluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar tilskipunar ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum.

42) Tilteknar tilskipanir og ákvarðanir á þessu sviði skulu felldar úr gildi.

43) Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með umskiptunum frá gildandi ramma yfir í nýjan ramma og hún getur einkum, á þeim tíma þegar það á við, lagt fram tillögu um að fella niður reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2887/2000 frá 18. desember 2000 um sundurgreindan aðgang að heimitaugum ⁽²⁾.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

GILDISSVIÐ, MARKMIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Gildissvið og markmið

1. Í þessari tilskipun er komið á samhæfðum ramma við eftirlit með rafrænni fjarskiptaþjónustu, rafrænum fjarskiptanetum, tilheyrandi aðstöðu og tilheyrandi þjónustu. Í henni er mælt fyrir um verkefni innlands stjórnsvalds og komið er á margs konar málsmæðferð til að tryggja samhæfða beitingu reglurammans í gervöllu bandalaginu.

2. Þessi tilskipun, sem og sértilskipanirnar, hafa ekki áhrif á skyldur sem lagðar eru á með innlendum lögum í samræmi við lög bandalagsins eða með lögum bandalagsins að því er varðar þjónustu sem veitt er með rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu.

3. Tilskipun þessi, sem og sértilskipanirnar, hafa ekki áhrif á ráðstafanir sem gerðar eru á vettvangi bandalagsins eða á innlendum vettvangi í samræmi við lög bandalagsins til að ná fram markmiðum er varða almenna hagsmunum, einkum að því er varðar eftirlit með efni og stefnu varðandi hljóð- og myndmiðla.

4. Þessi tilskipun og sértilskipanirnar hafa ekki áhrif á ákvæði tilskipunar 1999/5/EB.

2. gr.

Skilgreiningar

Í tilskipun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „rafrænt fjarskiptanet“: sendikerfi og, ef við á, skiptistöðvar, beinar og önnur úrræði sem gera mögulegt að miðla merkjum eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum eða með öðrum rafsegulaðferðum, þ.m.t. gervitunglanet, föst net (línu- eða pakkaskipt, þ.m.t. Netið) og farnet á jörðu niðri, raðdreifikerfi, að því

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 336, 30.12.2000, bls. 4.

marki sem þessi kerfi eru notuð til að senda merki, net fyrir hljóð- og sjónvarp og kapalsjónvarpsnet án tillits til þeirra upplýsinga sem sendar eru;

- b) „millilandamarkaðir“: markaðir sem eru tilgreindir í samræmi við 4. mgr. 15. gr. og ná til bandalagsins eða verulegs hluta þess;
- c) „rafræn fjarskiptaþjónusta“: þjónusta sem að jafnaði er veitt gegn þóknun og felst að öllu eða mestu leyti í því að flytja merki á rafrænum fjarskiptanetum, þ.m.t. fjarskiptaþjónusta og sendiþjónusta á netum sem notuð eru til að útvarpa, en undanskilin er þjónusta þar sem efni, sem sent er með rafrænum fjarskiptanetum eða -þjónustu, er boðið fram eða því ritstýrt. Hún nær ekki yfir þjónustu í upplýsingasamfélaginu, sem skilgreind er í 1. gr. tilskipunar 98/34/EB, sem felst ekki að öllu eða mestu leyti í því að flytja merki um rafræn fjarskiptanet;
- d) „almennt fjarskiptanet“: rafrænt fjarskiptanet sem notað er að öllu eða mestu leyti til að veita rafræna fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg;
- e) „tilheyrandi aðstaða“: sú aðstaða í tengslum við rafræn fjarskiptanet og/eða rafræna fjarskiptaþjónustu sem gerir kleift að veita og/eða styður veitingu þjónustu um það net og/eða þjónustu. Hún tekur til skilyrtra aðgangskerfa og rafrænna dagskrárvísa;
- f) „skilyrt aðgangskerfi“: tækniráðstöfun og/eða tilhögun þar sem aðgangur að verndaðri hljóð- eða sjónvarpsþjónustu í skiljanlegri mynd er bundinn skilyrði um áskrift eða annars konar fyrirframheimild í hverju einstöku tilviki;
- g) „innlent stjórnvald“: aðili eða aðilar sem aðildarríki felur að inna af hendi eftirlitsverkefni sem ákveðin eru í þessari tilskipun eða sértilskipunum;
- h) „notandi“: lögaðili eða einstaklingur sem notar eða óskar eftir rafrænni fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg;
- i) „neytandi“: einstaklingur sem notar eða óskar eftir rafrænni fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, í öðrum tilgangi en sem tengist atvinnugrein hans, viðskiptum eða starfi;
- j) „alþjónusta“: lágmarksþjónusta sem skilgreind er í tilskipun 2002/22/EB (tilskipun um alþjónustu) af tilteknum gæðum sem allir notendur eiga kost á óháð staðsetningu og, miðað við tilteknar, innlendar aðstæður, á viðráðanlegu verði;
- k) „áskrifandi“: einstaklingur eða lögaðili sem hefur gert samning við veitanda rafrænnar fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, um að sá siðarnefndi láti slíka þjónustu í té;
- l) „sértilskipanir“: tilskipun 2002/20/EB (heimildartilskipun), tilskipun 2002/19/EB (tilskipun um aðgang), tilskipun 2002/22/EB (tilskipun um alþjónustu) og tilskipun 97/66/EB;
- m) „framboð á rafrænu fjarskiptaneti“: uppsetning, rekstur, stjórnun eða það að gera slíkt net aðgengilegt;
- n) „endanlegur notandi“: notandi sem ekki býður fram almenn fjarskiptanet eða rafræna fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg;
- o) „þróaður, stafrænn sjónvarpsbúnaður“: aðgangseining sem ætluð er til að tengja í sjónvarpstæki eða samþætt, stafræn sjónvarpstæki sem geta tekið á móti stafrænum, gagnvirkum sjónvarpssendingum;
- p) „skilflötur fyrir notkunarforrit (API)“: hugbúnaður sem er skilflöturinn milli forrita sem útvarpsstöðvar eða þjónustuveitendur bjóða upp á og möguleika þróaða, stafræna sjónvarpsbúnaðarins fyrir stafræna sjónvarps- og hljóðvarpsþjónustu.

II. KAFLI

INNLENT STJÓRNVALD

3. gr.

Innlent stjórnvald

1. Aðildarríkin skulu tryggja að sérhvert verkefni, sem falið er innlendu stjórnvaldi í þessari tilskipun og sértilskipunum, sé framkvæmt af þar til bærum aðila.
2. Aðildarríkin skulu ábyrgjast sjálfstæði innlends stjórnvalds með því að tryggja að það sé lagalega aðgreint frá öllum fyrirtækjum, sem bjóða fram fjarskiptanet, -búnað eða -þjónustu, og að það starfi óháð þeim. Aðildarríki, sem viðhalda eignarhaldi eða yfirráðum yfir fyrirtækjum sem bjóða fram rafræn fjarskiptanet og/eða -þjónustu, skulu tryggja að eftirlitsstarfsemi sé algerlega aðskilin frá starfsemi sem tengist eignarhaldi eða yfirráðum að því er varðar allt skipulag.
3. Aðildarríkin skulu tryggja að innlent stjórnvald beiti valdi sínu af óhlutdrægni og á gagnsæjan hátt.
4. Aðildarríkin skulu birta verkefnin, sem innlent stjórnvald á að inna af hendi, með aðgengilegum hætti, einkum ef þessi verkefni eru falin fleiri en einum aðila. Aðildarríkin skulu tryggja, eftir því sem við á, samráð og

samvinnu milli þessara stjórnvalda og milli þessara stjórnvalda og innlendra stjórnvalda, sem hafa framkvæmd samkeppnislöggjafar með höndum og innlendra stjórnvalda, sem hafa framkvæmd neytendalöggjafar með höndum, um sameiginleg hagsmunamál. Ef fleiri en eitt stjórnvald eru þar til bær að fjalla um þessi mál skulu aðildarríkin tryggja að verkefni hvers stjórnvalds séu birt með aðgengilegum hætti.

5. Innlent stjórnvald og innlend samkeppnisyfyrvöld skulu veita hvort öðru upplýsingarnar sem nauðsynlegar eru til að beita ákvæðum þessarar tilskipunar og sértilskipananna. Að því er varðar upplýsingarnar, sem skipst er á, skal stjórnvaldið, sem tekur við upplýsingunum, tryggja sömu þagnarskyldu og stjórnvaldið sem upplýsingarnar eru fengnar frá.

6. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um öll innlend stjórnvöld sem hafa með höndum verkefni samkvæmt þessari tilskipun og sértilskipununum og skyldum þeirra.

4. gr.

Réttur til áfrýjunar

1. Aðildarríkin skulu tryggja að innanlands séu til skilvirkar aðferðir, sem veita öllum notendum eða fyrirtækjum sem bjóða fram rafræn fjarskiptanet og/eða -þjónustu, sem ákvörðun innlends stjórnvalds varðar, rétt til að áfrýja ákvörðuninni til áfrýjunaraðila sem er óháður hlutaðeigandi aðilum. Þessi aðili, sem getur verið dómstóll, skal hafa yfir að ráða viðeigandi sérþekkingu sem gerir honum kleift að rækja hlutverk sitt. Aðildarríkin skulu tryggja að tilhlýðilegt tillit sé tekið til málsástæðna og að fyrir hendi sé skilvirk áfrýjunaraðferð. Þar til niðurstaða hefur fengist úr slíkri áfrýjun skal ákvörðun innlends stjórnvalds standa nema áfrýjunaraðilinn, sem áfrýjað er til, ákveði annað.

2. Ef áfrýjunaraðilinn, sem um getur í 1. mgr., er ekki dómstóll skulu ástæður ákvarðana hans ávallt gefnar skriflega. Enn fremur skal ákvörðun hennar í slíku tilviki vera háð endurskoðun dómstóls í skilningi 234. gr. sáttmálans.

5. gr.

Tilhögun upplýsingamiðlunar

1. Aðildarríkin skulu tryggja að fyrirtæki, sem bjóða fram rafræn fjarskiptanet og -þjónustu, veiti allar upplýsingar, þ.m.t. fjárhagslegar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru innlendu stjórnvaldi til að tryggja að ákvæði þessarar tilskipunar og sértilskipananna, eða ákvarðanir, sem eru teknar í samræmi við þær, séu uppfylltar. Þessi fyrirtæki skulu veita slíkar upplýsingar tafarlaust ef þeirra er óskað

og innan þeirra tímamarka og með þeirri nákvæmni sem innlent stjórnvald krefst. Upplýsingarnar, sem innlent stjórnvald krefst, skulu vera í réttu hlutfalli við framkvæmd verkefnisins. Innlent stjórnvald skal gefa upp ástæður sem réttlæta beiðni þess um upplýsingar.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að innlent stjórnvald veiti framkvæmdastjórninni, að rökstuddri beiðni, upplýsingarnar sem hún þarf til að geta sinnt verkefnum sínum samkvæmt sáttmálanum. Upplýsingarnar, sem framkvæmdastjórnin óskar eftir, skulu vera í réttu hlutfalli við framkvæmd þessara verkefna. Ef upplýsingarnar, sem veittar eru, vísa til upplýsinga, sem fyrirtækin hafa þegar veitt að beiðni innlenda stjórnvaldsins, skal þeim fyrirtækjum tilkynnt um það. Að því marki sem nauðsynlegt er og ef stjórnvaldið, sem veitir upplýsingarnar, hefur ekki lagt fram sérstaka og rökstudda beiðni um hið gagnstæða skal framkvæmdastjórnin sjá til þess að upplýsingar, sem veittar eru, séu aðgengilegar öðru slíku stjórnvaldi í öðru aðildarríki.

Með fyrirvara um kröfurnar í 3. mgr. skulu aðildarríkin tryggja að upplýsingarnar, sem eru afhentar einu innlendu stjórnvaldi geti verið aðgengilegar öðru slíku stjórnvaldi í sama eða öðru aðildarríki í kjölfar rökstuddrar beiðni ef það er nauðsynlegt til að gera öðru hvoru stjórnvaldinu kleift að uppfylla skyldur sínar samkvæmt lögum bandalagsins.

3. Ef innlent stjórnvald lítur á upplýsingar sem trúnaðarmál, í samræmi við reglur bandalagsins og innlendar reglur um viðskiptaleynd, skulu framkvæmdastjórnin og viðkomandi innlent stjórnvald tryggja slíka þagnarskyldu.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að innlent stjórnvald birti, í samræmi við innlendar reglur um almennan aðgang að upplýsingum og með fyrirvara um reglur bandalagsins og innlendar reglur um viðskiptaleynd, slíkar upplýsingar sem myndu stuðla að fjálsum samkeppnismarkaði.

5. Innlent stjórnvald skal birta skilmála um almennan aðgang að upplýsingum eins og um getur í 4. mgr., þ.m.t. málsmeðferð við að fá slíkan aðgang.

6. gr.

Samráð og gagnsæi

Að undanskildum þeim tilvikum, sem falla undir 6. mgr. 7. gr., 20. eða 21. gr., skulu aðildarríkin tryggja að ef innlent stjórnvald hefur í hyggju að grípa til ráðstafana í samræmi við þessa tilskipun eða sértilskipanirnar, sem hafa veruleg áhrif á viðkomandi markað, skal það gefa hagsmunaaðilum tækifæri til að gera athugasemdir um drögin að ráðstöfuninni innan hæfilegra tímamarka. Innlent

stjórnvald skal birta innlenda tilhögun sína við samráð. Aðildarríkin skulu tryggja að komið verði á fót einni upplýsingamiðstöð þar sem hægt verði að nálgast upplýsingar um allt yfirstandandi samráð. Innlenda stjórnvaldið skal sjá til þess að niðurstöður samráðs séu aðgengilegar öllum nema ef um er að ræða þagnarskyldu í samræmi við lög bandalagsins og innlend lög um viðskiptaleynd.

7. gr.

Styrking innri markaðarins fyrir rafræn fjarskipti

1. Þegar innlent stjórnvald sinnir verkefnum sínum samkvæmt þessari tilskipun og sértilskipunum skulu það taka ýrasta tillit til markmiðanna sem sett eru í 8. gr., þ.m.t. að svo miklu leyti sem þau tengjast starfsemi innri markaðarins.

2. Innlend stjórnvöld skulu stuðla að þróun innri markaðarins með því að vinna saman og með framkvæmdastjórninni á gagnsæjan hátt að því að tryggja samkvæmni við beitingu í öllum aðildarríkjunum á ákvæðum þessarar tilskipunar og sértilskipananna. Í þessu skyni skulu þau einkum leitast við að ná samkomulagi um tegundir tækja og úrræða sem henta best til að taka á tilteknum aðstæðum á markaðnum.

3. Til viðbótar við samráðið, sem um getur í 6. gr., skal innlent stjórnvald, sem hefur í hyggju að grípa til ráðstöfunar sem:

a) fellur undir gildissvið 15. og 16. gr. þessarar tilskipunar, 5. eða 8. gr. tilskipunar 2002/19/EB (tilskipunar um aðgang) eða 16. gr. tilskipunar 2002/22/EB (tilskipunar um alþjónustu), og

b) hefur áhrif á viðskipti milli aðildarríkja,

jafnframt gera drögin að ráðstöfuninni aðgengileg framkvæmdastjórninni og innlendu stjórnvaldi í öðrum aðildarríkjum ásamt þeim rökstuðningi sem ráðstöfunin byggist á í samræmi við 3. mgr. 5. gr. og tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum innlendum stjórnvöldum um það. Innlendu stjórnvaldi og framkvæmdastjórninni er einungis heimilt að bera upp athugasemdir við hlutaðeigandi innlent stjórnvald, innan eins mánaðar eða innan þess tímabils sem um getur í 6. gr. ef það er lengra. Ekki er heimilt að framlengja þennan eins mánaðar frest.

4. Ef fyrirhuguð ráðstöfun, sem fjallað er um í 3. mgr., miðar að því að:

a) skilgreina viðkomandi markað sem er frábrugðinn þeim sem skilgreindir eru í tilmælunum í samræmi við 1. mgr. 15. gr., eða

b) ákveða hvort tilnefna eigi fyrirtæki á þann hátt að það hafi, annaðhvort eitt og sér eða sameiginlega með öðrum, verulegan markaðsstyrk skv. 3., 4. eða 5. mgr. 16. gr.,

og myndi hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja og framkvæmdastjórnin hefur bent innlenda stjórnvaldinu á að hún telji að fyrirhuguð ráðstöfun myndi skapa hindrun á innri markaðnum eða hafi alvarlegar áhyggjur af því hvort hún samrýmist lögum bandalagsins, og einkum markmiðunum sem um getur í 8. gr., skulu líða tveir mánuðir til viðbótar áður en drögin að ráðstöfuninni eru samþykkt. Ekki er heimilt að framlengja þennan frest. Á þessu tímabili er framkvæmdastjórninni heimilt, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr., að taka ákvörðun um það að krefjast þess að hlutaðeigandi innlent stjórnvald afturkalli drögin að ráðstöfuninni. Þessari ákvörðun skal fylgja nákvæm og hlutlæg greining á því hvers vegna framkvæmdastjórnin telur að ekki skuli samþykkja drögin að ráðstöfuninni ásamt sérstökum tillögum að breytingum á drögnum að ráðstöfuninni.

5. Hlutaðeigandi innlent stjórnvald skal taka ýrasta tillit til athugasemda frá öðru innlendu stjórnvaldi og framkvæmdastjórnarinnar og er heimilt, nema í tilvikum sem fjallað er um í 4. mgr., að samþykkja endurgerð drög að ráðstöfuninni og, ef það gerir svo, tilkynna það framkvæmdastjórninni.

6. Í undantekningartilvikum, ef innlent stjórnvald telur að brýn þörf sé á að grípa til aðgerða til að standa vörð um samkeppni og vernda hagsmuni notenda, getur það samþykkt án tafar hlutfallsbundnar ráðstafanir til bráðabirgða sem undantekningu frá málsmeðferðinni sem sett er fram í 3. og 4. mgr. Það skal án tafar tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum innlendum stjórnvöldum um þessar ráðstafanir ásamt fullum rökstuðningi. Ákvörðun innlenda stjórnvaldsins um að gera slíkar ráðstafanir varanlegar eða framlengja gildistíma þeirra skal vera með fyrirvara um ákvæði 3. og 4. mgr.

III. KAFLI

VERKEFNI INNLENDRA STJÓRNVALDA

8. gr.

Stefnumarkmið og meginreglur varðandi eftirlit

1. Aðildarríkin skulu tryggja að við framkvæmd eftirlitsverkefnanna, sem tilgreind eru í þessari tilskipun og sértilskipunum, grípi innlent stjórnvald til allra sanngjarnra ráðstafana sem miða að því að ná fram markmiðunum sem sett eru í 2., 3. og 4. mgr. Slíkar ráðstafanir skulu vera í réttu hlutfalli við þessi markmið.

Aðildarríkin skulu tryggja að við framkvæmd eftirlitsverkefnanna, sem tilgreind eru í þessari tilskipun og

sértilskipununum, einkum þau sem ætlað er að tryggja virka samkeppni, taki innlent stjórnvald ýtrasta tillit til þess að æskilegt er að reglur séu tæknilega hlutlausar.

Innlendu stjórnvaldi er heimilt innan valdsviðs síns að leggja sitt af mörkum til að tryggja framkvæmd stefnu sem miðar að því að stuðla að menningarlegri fjölbreytni og fjölbreytni tungumála, sem og margbreytileika fjölmiðla.

2. Innlent stjórnvald skal stuðla að samkeppni að því er varðar framboð rafrænna fjarskiptaneta, rafrænnar fjarskiptaþjónustu og tilheyrandi aðstöðu og þjónustu, m.a. með því að:

- a) tryggja að notendur, þ.m.t. fatlaðir notendur, fái sem mestan ávinning að því er tekur til vals, verðs og gæða;
- b) tryggja að ekki sé nein röskun eða takmörkun á samkeppni á rafræna fjarskiptasviðinu;
- c) hvetja til skilvirkrar fjárfestingar í grunnvirkjum og stuðla að nýsköpun; og
- d) hvetja til skilvirkrar notkunar og tryggja skilvirka stjórnun á tíðnum fyrir þráðlausar sendingar og númeraforða.

3. Innlent stjórnvald skal stuðla að þróun innri markaðarins, m.a. með því að:

- a) fjarlægja þær hindranir sem enn standa í vegi fyrir því að boðin séu fram rafræn fjarskiptanet, tilheyrandi aðstaða og þjónusta og rafræn fjarskiptaþjónusta á evrópskum vettvangi;
- b) hvetja til þess að samevrópsku neti sé komið á fót og það þróað og til rekstrarsamhæfis samevrópskrar þjónustu og tengingu enda á milli;
- c) tryggja að við svipaðar aðstæður sé engin mismunur á meðferð fyrirtækja sem bjóða rafræn fjarskiptanet og -þjónustu;
- d) vinna saman og með framkvæmdastjórninni á gagnsæjan hátt til að tryggja að þróaðar verði samræmdar starfsvenjur við eftirlit og tryggja samræmda beitingu á ákvæðum þessarar tilskipunar og sértilskipananna í öllum aðildarríkjunum.

4. Innlent stjórnvald skal vinna að hagsmunum borgara Evrópusambandsins, m.a. með því að:

- a) tryggja að allir borgarar hafi aðgang að alþjónustu sem tilgreind er í tilskipun 2002/22/EB (tilskipun um alþjónustu);
- b) tryggja neytendum viðtæka vernd í samskiptum sínum við birgja, einkum með því að tryggja að fyrir hendi sé

einföld og ódýr málsmeðferð við lausn ágreiningsmála, framfylgt af stofnun sem er óháð þeim málsaðilum sem hlut eiga að máli;

- c) stuðla að því að tryggja viðtæka vernd persónu-upplýsinga og einkalífs;
- d) stuðla að því að veittar séu skýrar upplýsingar, einkum að krefjast þess að gjaldskrár og skilyrði fyrir notkun rafrænnar fjarskiptaþjónustu, sem er aðgengileg öllum, séu gagnsæ;
- e) fjalla um þarfir tiltekinna þjóðfélags hópa, einkum fatlaðra notenda; og
- f) tryggja að heildstæði og öryggi almennra fjarskiptaneta sé við haldið.

9. gr.

Stjórnun á tíðnum fyrir þráðlausar sendingar fyrir rafræna fjarskiptaþjónustu

1. Aðildarríkin skulu tryggja skilvirka stjórnun á tíðnum fyrir þráðlausar sendingar fyrir rafræna fjarskiptaþjónustu á yfirráðasvæði sínu í samræmi við 8. gr. Þau skulu tryggja að skipting og úthlutun slíkra tíðna fyrir þráðlausar sendingar af hálfu innlends stjórnvalds sé byggð á viðmiðunum sem eru hlutlægar, gagnsæjar, án mismununar og hlutfallsbundnar.

2. Aðildarríkin skulu stuðla að samhæfingu notkunar tíðna fyrir þráðlausar sendingar í öllu bandalaginu í samræmi við þörfina á því að tryggja virka og skilvirka notkun þeirra og í samræmi við ákvörðun nr. 676/2002/EB (ákvörðun um tíðnirófið fyrir þráðlausar sendingar).

3. Aðildarríkin geta leyft fyrirtækjum að framselja réttinn til afnota af tíðnum fyrir þráðlausar sendingar til annarra fyrirtækja.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að fyrirætlun fyrirtækis um að framselja afnotarétt af tíðnum fyrir þráðlausar sendingar sé tilkynnt innlendu stjórnvaldi sem ber ábyrgð á úthlutun úr tíðnirófinu og að hvers kyns framsal fari fram í samræmi við málsmeðferðina, sem innlenda stjórnvaldið mælir fyrir um, og sé gert opinbert. Innlent stjórnvald skal tryggja að samkeppni raskist ekki í kjölfar slíkra viðskipta. Ef notkun á tíðni fyrir þráðlausar sendingar hefur verið samhæfð með beitingu ákvörðunar nr. 676/2002/EB (ákvörðunar um tíðnirófið fyrir þráðlausar sendingar) eða öðrum ráðstöfunum bandalagsins skal slíkt framsal ekki leiða til breytinga á notkun þeirrar tíðni fyrir þráðlausar sendingar.

10. gr.

Skipulag númera-, heita- og vistfanga

1. Aðildarríkin skulu tryggja að innlent stjórnvald annist úthlutun allra innlendra númera og stjórnun innlends

númeraskipulags. Aðildarríkin skulu sjá til þess að nægur fjöldi númera og númeraraða sé til ráðstöfunar fyrir alla rafræna fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg. Innlent stjórnvald skal koma á málsmæðferð við úthlutun innlendra númera sem er hlutlæg, gagnsæ og án mismununar.

2. Innlent stjórnvald skal sjá til þess að númeraskipulagi og tilheyrandi málsmæðferð sé beitt á þann hátt að allir sem veita rafræna fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, fái jafna meðferð. Einkum skulu aðildarríkin sjá til þess að fyrirtæki, sem hefur verið úthlutað röð númera, mismuni ekki öðrum veitendum rafrænnar fjarskiptaþjónustu að því er varðar númeraraðir sem eru notaðar til að veita aðgang að þjónustu þeirra.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að birt sé innlent númeraskipulag, svo og allar viðbætur og breytingar sem síðar kunna að verða gerðar á því, án annarra fyrirvara en þeirra sem lúta að takmörkunum vegna þjóðaröryggis.

4. Aðildarríkin skulu stuðla að samhæfingu númeraforða í bandalaginu þar sem slíkt er nauðsynlegt til að styðja þróun samevrópskrar þjónustu. Framkvæmdastjórnin getur, í samræmi við málsmæðferðina sem um getur í 3. mgr. 22. gr., gripið til viðeigandi tæknilegra framkvæmdar-ráðstafana að því er þetta mál varðar.

5. Ef slíkt á við í því skyni að tryggja hnattrænt rekstrarsamhæfi þjónustu skulu aðildarríkin samræma afstöðu sína innan alþjóðasamtaka og á alþjóðavettvangi þar sem ákvarðanir eru teknar um mál er varða skipulag númera-, heita- og vistfanga fyrir rafræn fjarskiptanet og -þjónustu.

11. gr.

Athafnaréttur

1. Aðildarríkin skulu tryggja að ef lögbært yfirvald hefur til meðferðar:

- umsókn um veitingu réttar til að setja upp aðstöðu á, yfir eða undir eignum í eigu hins opinbera eða í einkaeign til fyrirtækis sem hefur heimild til að bjóða fram almenn fjarskiptanet, eða
- umsókn um veitingu réttar til að setja upp aðstöðu á, yfir eða undir eignum í eigu hins opinbera til fyrirtækis sem hefur heimild til að bjóða fram rafræn fjarskiptanet til annarra en almennings,

skuli lögbæra yfirvaldið:

- bregðast við á grundvelli gagnsærrar málsmæðferðar sem er öllum aðgengileg, og beitt án mismununar og án tafar, og

— fylgja meginreglunum um gagnsæi og banni við mismunun þegar þau binda slíkan rétt skilyrðum.

Málsmæðferð að því er varðar framangreind atriði, getur verið mismunandi eftir því hvort umsækjandinn er að bjóða fram almennt fjarskiptanet eða ekki.

2. Aðildarríki skulu tryggja að ef opinber yfirvöld eða staðaryfirvöld viðhalda eignarhaldi eða yfirráðum yfir fyrirtækjum sem reka rafræn fjarskiptanet og/eða -þjónustu að stofnunin, sem ber ábyrgð á því að veita réttinn sem um getur í 1. mgr., sé algerlega aðskilin frá starfsemi sem tengist eignarhaldi eða yfirráðum að því er allt skipulag varðar.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að til séu skilvirkar aðferðir til að gera fyrirtækjum kleift að áfrýja ákvörðunum um veitingu réttar til að setja upp aðstöðu til stofnunar sem er óháð aðilunum sem hlut eiga að máli.

12. gr.

Hýsing og samnýting aðstöðu

1. Ef fyrirtæki, sem býður fram rafræn fjarskiptanet, hefur rétt samkvæmt innlendum lögum til að koma sér upp aðstöðu á, yfir eða undir eignum í eigu hins opinbera eða í einkaeign, eða nýtir sér reglur um eignarnám eða afnot af eign, skal innlent stjórnvald stuðla að því að slík aðstaða eða eign sé samnýtt.

2. Aðildarríkin geta, einkum ef fyrirtæki njóta ekki aðgangs að öðrum vænlegum kostum vegna nauðsynjar þess að vernda umhverfið, almannaeilbrigði, almannaröryggi eða til að uppfylla markmið um skipulag bæja og sveita, einungis fyrirskipað að fyrirtæki, sem rekur rafrænt fjarskiptanet, samnýti aðstöðu eða eignir (þ.m.t. efnisleg hýsing) eða gripið til ráðstafana til að samræma opinberar framkvæmdir en einungis að höfðu samráði við almenning í hæfilegan tíma þar sem allir hagsmunaaðilar verða að fá tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri. Í slíku fyrirkomulagi við samnýtingu eða samræmingu geta falist reglur um að skipta kostnaði við að samnýta aðstöðu eða eignir.

13. gr.

Aðskilið bókhald og fjárhagsskýrslur

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess af fyrirtækjum, sem bjóða fram almenn fjarskiptanet eða rafræna fjarskiptaþjónustu sem er öllum aðgengileg og hafa sérstakan rétt eða einkarétt á að veita þjónustu á öðrum sviðum í sama eða öðru aðildarríki, að þau:

- a) færi aðskilið bókhald yfir starfsemi sem tengist framboði á rafrænum fjarskiptanetum eða -þjónustu að því marki sem krafist væri ef lagalega óháð fyrirtæki stunduðu þessa starfsemi, þannig að hægt sé að greina alla kostnaðar- og tekjuliði, ásamt útreikningsgrundvelli þeirra og nákvæmum upplýsingum um hvaða aðferðir eru notaðar, sem tengjast starfsemi þeirra í tengslum við framboð rafrænna fjarskiptaneta eða -þjónustu auk nákvæmrar sundurliðunar fastafjármuna og skipulagskostnaðar, eða
- b) hafi aðskilið skipulag fyrir þá starfsemi sem tengist því að bjóða fram rafræn fjarskiptanet og -þjónustu.

Aðildarríki getur ákveðið að beita ekki þeim kröfum, sem um getur í fyrstu undirgrein, gagnvart þeim fyrirtækjum þar sem ársveltan í starfsemi, sem tengist rafrænum fjarskiptanetum eða -þjónustu í aðildarríkjunum, er minni en 50 milljónir evra.

2. Ef fyrirtæki, sem bjóða almenn fjarskiptanet eða rafræna fjarskiptaþjónustu, sem er öllum aðgengileg, eru ekki háð kröfum félagaréttar og uppfylla ekki viðmiðanir um litil og meðalstór fyrirtæki í bókhaldsreglum í lögum bandalagsins skal semja fjárhagsskýrslur þeirra, láta óháðan endurskoðanda endurskoða þær og birta þær. Endurskoðunin skal fara fram í samræmi við viðkomandi reglur bandalagsins og innlendar reglur.

Þessi krafa skal einnig gilda um aðskilda bókhaldið sem krafist er skv. a-lið 1. mgr.

IV. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

14. gr.

Fyrirtæki með verulegan markaðsstyrk

1. Ef þess er krafist í sértilskipununum að innlent stjórnvald ákveði hvort rekstraraðilar hafi verulegan markaðsstyrk í samræmi við málsmæðferðina sem um getur í 16. gr., gilda 2. og 3. mgr. þessarar greinar.
2. Fyrirtæki skal teljast hafa verulegan markaðsstyrk ef það, annaðhvort eitt og sér eða sameiginlega með öðrum, nýtur þeirrar stöðu sem jafngildir yfirburðum, þ.e.a.s. efnahagslegs styrks sem veitir því vald til að haga sér að verulegu leyti óháð samkeppnisaðilum, viðskiptavinum og að lokum neytendum.

Innlent stjórnvald skal, þegar það metur hvort tvö eða fleiri fyrirtæki hafi sameiginlega yfirburðastöðu á markaði, einkum gera það í samræmi við lög bandalagsins og taka ýtrasta tillit til viðmiðunarreglna um markaðsgreiningu og mat á verulegum markaðsstyrk sem framkvæmdastjórnin

gefur út skv. 15. gr. Viðmiðanir, sem nota skal við slíkt mat, eru settar fram í II. viðauka.

3. Ef fyrirtæki hefur verulegan markaðsstyrk á tilteknum markaði kann það einnig að teljast hafa verulegan markaðsstyrk á nátengdum markaði ef tengslin milli markaðanna tveggja eru þannig að markaðsstyrkur á einum markaði geti færst yfir á hinn markaðinn og þar með aukið markaðsstyrk fyrirtækisins.

15. gr.

Málsmæðferð við skilgreiningu markaðar

1. Eftir samráð við almenning og samráð við innlend stjórnvöld skal framkvæmdastjórnin samþykkja tilmæli um viðkomandi vöru- og þjónustumarkaði (hér á eftir nefnd „tilmælin“). Í tilmælunum skal, í samræmi við I. viðauka við þessa tilskipun, tilgreina þá vöru- og þjónustumarkaði innan rafræna fjarskiptageirans, sem hafa þau einkenni sem kunna að réttlæta að lagðar séu á eftirlitsskyldur, sem settar eru fram í sértilskipununum, með fyrirvara um markaði sem hægt er að skilgreina í ákveðnum tilvikum samkvæmt samkeppnislögum. Framkvæmdastjórnin skal skilgreina markaði í samræmi við meginreglur samkeppnislaga.

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða tilmælin reglulega.

2. Framkvæmdastjórnin skal, í síðasta lagi á gildistökudegi þessarar tilskipunar, birta viðmiðunarreglur fyrir markaðsgreiningu og mat á verulegum markaðsstyrk (hér á eftir nefndar „viðmiðunarreglurnar“) sem skulu vera í samræmi við meginreglur samkeppnislaga.

3. Innlent stjórnvald skal, að teknu ýtrasta tilliti til tilmælanna og viðmiðunarreglnanna, skilgreina viðkomandi markaði, eftir því sem við á, miðað við innlendar aðstæður, einkum viðkomandi landfræðilega markaði á yfirráðasvæði sínu í samræmi við meginreglur samkeppnislaga. Innlent stjórnvald skal fylgja málsmæðferðinni sem um getur í 6. og 7. gr. áður en það skilgreinir markaði sem eru frábrugðnir þeim sem eru skilgreindir í tilmælunum.

4. Að höfðu samráði við innlent stjórnvald er framkvæmdastjórninni heimilt, í samræmi við málsmæðferðina sem um getur í 3. mgr. 22. gr., að samþykkja ákvörðun þar sem millilandamarkaðir eru tilgreindir.

16. gr.

Málsmæðferð við markaðsgreiningu

1. Eins fljótt og auðið er eftir að tilmælin eða uppfærsla á þeim hefur verið samþykkt skal innlent stjórnvald framkvæma greiningu á viðkomandi mörkuðum og taka

ýtrasta tillit til viðmiðunarreglnanna. Aðildarríkin skulu tryggja að þessi greining fari fram, eftir því sem við á, í samvinnu við innlend samkeppnisýfirvöld.

2. Ef þess er krafist af innlendu stjórnvaldi skv. 16., 17., 18. eða 19. gr. tilskipunar 2002/22/EB (tilskipunar um alþjónustu) eða 7. eða 8. gr. tilskipunar 2002/19/EB (tilskipunar um aðgang) að það ákvarði hvort það leggi á, viðhaldi, breyti eða afturkalli skyldur á fyrirtæki, skal það ákvarða á grundvelli markaðsgreiningar sinnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar hvort virk samkeppni sé á viðkomandi markaði.

3. Ef innlent stjórnvald kemst að þeirri niðurstöðu að virk samkeppni sé á markaðnum skal það ekki leggja á eða viðhalda neinum þeirra sérstöku eftirlitsskyldna sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar. Í þeim tilvikum, þar sem eftirlitsskyldur sem eiga við um ákveðið svið eru þegar til staðar, skal það afturkalla slíkar skyldur sem lagðar eru á fyrirtæki á viðkomandi markaði. Veita skal aðilum, sem slík afturköllun á skyldum hefur áhrif á, hæfilegan uppsagnarfrest.

4. Ef innlent stjórnvald ákvarðar að ekki sé virk samkeppni á viðkomandi markaði skal það tilgreina fyrirtæki með verulegan markaðsstyrk á þeim markaði í samræmi við 14. gr. og innlent stjórnvald skal leggja viðeigandi, sérstakar eftirlitsskyldur, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, á slík fyrirtæki eða viðhalda eða breyta slíkum skyldum ef þær eru þegar til staðar.

5. Ef um er að ræða millilandamarkaði, sem tilgreindir eru í ákvörðuninni sem um getur í 4. mgr. 15. gr., skulu hlutaðeigandi innlend stjórnvöld, gera sameiginlega markaðsgreiningu og taka ýtrasta tillit til viðmiðunarreglnanna og ákveða hvers kyns álagningu, viðhald, breytingu eða afturköllun eftirlitsskyldnanna, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar með samstilltum hætti.

6. Ráðstafanir, sem gripið er til í samræmi við ákvæði 3., 4. og 5. mgr. þessarar greinar, skulu vera með fyrirvara um málsmæðferð sem um getur í 6. og 7. gr.

17. gr.

Stöðlun

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmæðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr., semja og birta, í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*, skrá yfir staðla og/eða forskriftir sem eiga að vera grundvöllur fyrir því að hvetja til samhæfðs framboðs rafræna fjarskiptaneta, rafrænnar fjarskiptaþjónustu og tilheyrandi aðstöðu og þjónustu. Framkvæmdastjórnin getur, ef nauðsyn ber til, í samræmi við málsmæðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr. og að höfðu samráði við nefndina sem komið var á fót með tilskipun 98/34/EB, krafist þess að evrópsku staðlastofnanirnar (Staðlasamtök Evrópu (CEN), Rafstaðlasamtök Evrópu (CENELEC) og Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI), semji staðla.

2. Aðildarríkin skulu hvetja til notkunar á stöðlum og/eða forskriftum, sem um getur í 1. mgr., að því er varðar framboð þjónustu, tæknilega skilfleti og/eða netaðgerðir að því marki sem er alveg nauðsynlegt er til að tryggja rekstrarsamhæfi þjónustu og auka valfrelsi notenda.

Þar til birtir hafa verið staðlar og/eða forskriftir í samræmi við 1. mgr. skulu aðildarríkin hvetja til þess að beitt sé stöðlum og/eða forskriftum sem evrópsku staðlastofnanirnar hafa samþykkt.

Ef slíkir staðlar og/eða forskriftir eru ekki til skulu aðildarríkin hvetja til þess að beitt sé alþjóðlegum stöðlum eða tilmælum sem Alþjóðafjarskiptasambandið (ITU), Alþjóðlegu staðlasamtökin (ISO) eða Alþjóðaraftæknefndin (IEC) hafa samþykkt.

Ef alþjóðlegir staðlar eru til skulu aðildarríkin hvetja evrópsku staðlastofnanirnar til að nota þá eða þá hluta þeirra, sem við eiga, sem grundvöll fyrir þá staðla sem þær þróa nema þessir alþjóðlegu staðlar eða viðeigandi hlutar þeirra séu óskilvirkir.

3. Ef stöðlunum og/eða forskriftunum, sem um getur í 1. mgr., hefur ekki verið beitt á fullnægjandi hátt til að tryggja rekstrarsamhæfi þjónustu í einu eða fleiri aðildarríkjum er heimilt að gera beitingu slíkra staðla og/eða forskrifa skyldubundna með málsmæðferðinni, sem mælt er fyrir um í 4. mgr., að því marki sem er alveg nauðsynlegt til að tryggja slíkt rekstrarsamhæfi og auka valfrelsi notenda.

4. Ef framkvæmdastjórnin hefur í hyggju að gera beitingu ákveðinna staðla og/eða forskrifa skyldubundna skal hún birta auglýsingu þess efnis í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og bjóða öllum hlutaðeigandi aðilum að gera athugasemdir opinberlega. Í samræmi við málsmæðferðina, sem um getur í 3. mgr. 22. gr., skal framkvæmdastjórnin gera beitingu viðkomandi staðla skyldubundna með því að vísa til þeirra sem skyldubundinna staðla í skránni yfir staðlana og/eða forskriftirnar sem birt er í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. Ef framkvæmdastjórnin telur að staðlar og/eða forskriftir, sem um getur í 1. mgr., stuðli ekki lengur að því að boðin sé samhæfð, rafræn fjarskiptaþjónusta, að hún uppfylli ekki lengur þarfir neytenda eða hindri tækniþróun skal hún, í samræmi við málsmæðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr., fjarlægja þau úr skránni yfir staðla og/eða forskriftir sem um getur í 1. mgr.

6. Ef framkvæmdastjórnin telur að staðlar og/eða forskriftir, sem um getur í 4. mgr., stuðli ekki lengur að því að boðin sé samhæfð, rafræn fjarskiptaþjónusta, að hún uppfylli ekki lengur þarfir neytenda eða hindri tækniþróun,

skal hún, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 22. gr., fjarlægja þau úr skránni yfir staðla og/eða forskriftir sem um getur í 1. mgr.

7. Þessi grein gildir ekki með tilliti til þeirra grunnkrafna, skilflataforskrifta eða samhæfðu staðla sem ákvæði tilskipunar 1999/5/EB gilda um.

18. gr.

Rekstrarsamhæfi stafrænnar, gagnvirkar sjónvarpsþjónustu

1. Í því skyni að stuðla að frjálsu flæði upplýsinga, margbreytileika fjölmiðla og menningarlegri fjölbreytni og í samræmi við ákvæði 2. mgr. 17. gr. skulu aðildarríkin hvetja:

- a) veitendur stafrænnar, gagnvirkar sjónvarpsþjónustu, sem dreift er til almennings í bandalaginu á stafrænum, gagnvirkum sjónvarpskerfum (digital interactive television platforms), óháð sendingarmáta, til að nota opinn skilflöt fyrir notkunarforrit;
- b) veitendur alls þróaðs, stafræns sjónvarpsbúnaðar, sem notaður er til að taka á móti stafrænni, gagnvirkri sjónvarpsþjónustu á gagnvirkum, stafrænum sjónvarpskerfum til að nota opinn skilflöt fyrir notkunarforrit í samræmi við lágmarksskilyrði viðkomandi staðla eða forskrifta.

2. Með fyrirvara um b-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2002/19/EB (tilskipunar um aðgang), skulu aðildarríkin hvetja eigendur skilflata fyrir notkunarforrit að gera aðgengilegar, með skilmálum sem eru sanngjarnir, réttlátir og án mismununar og gegn viðeigandi gjaldi, allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að gera veitendum stafrænnar, gagnvirkar sjónvarpsþjónustu kleift að veita alla þjónustu, sem skilflöturinn fyrir notkunarforritið styður, með fullri virkni.

3. Innan árs frá þeim degi sem beiting hefst og um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 28. gr., skal framkvæmdastjórnin rannsaka áhrif þessarar greinar. Ef rekstrarsamhæfi og valfrelsi notenda hefur ekki náðst með fullnægjandi hætti í einu eða fleiri aðildarríkjum getur framkvæmdastjórnin gripið til aðgerða í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 3. og 4. mgr. 17. gr.

19. gr.

Málsmeðferð við samhæfingu

1. Ef framkvæmdastjórnin gefur út tilmæli til aðildarríkjanna, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr., um samhæfða beitingu ákvæða þessarar tilskipunar og sértilskipananna í því skyni að stuðla að því að markmiðin, sem sett eru í 8. gr., náist skulu aðildarríkin tryggja að innlent stjórnvald taki ýtrasta tillit til þessara tilmæla þegar það innir verkefni sín af hendi. Ef innlent stjórnvald velur þann kost að fylgja ekki tilmælum skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um það og greina frá ástæðum fyrir afstöðu sinni.

2. Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að mismunandi reglugerðir á innlendum vettvangi, sem nota á við framkvæmd 4. mgr. 10. gr., skapi hindrun á innri markaðnum getur framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 3. mgr. 22. gr., gripið til viðeigandi, tæknilegra framkvæmdarráðstafana.

20. gr.

Lausn deilumála milli fyrirtækja

1. Ef upp kemur í tengslum við skyldurnar, sem verða til samkvæmt þessari tilskipun eða sértilskipununum, deilumál milli fyrirtækja sem bjóða fram rafræn fjarskiptanet eða -þjónustu í aðildarríki skal hlutaðeigandi innlent stjórnvald, að beiðni annars hvors aðilans og með fyrirvara um ákvæði 2. mgr., gefa út bindandi ákvörðun til lausnar á deilumálinu á eins skömmum tíma og mögulegt er og í öllum tilvikum innan fjögurra mánaða nema í undantekningartilvikum. Hlutaðeigandi aðildarríki, skal krefjast þess að aðilarnir sýni innlenda stjórnvaldinu fulla samvinnu.

2. Aðildarríkin geta veitt innlendu stjórnvaldi rétt til að leysa deilumál með bindandi ákvörðun ef aðrar aðferðir, þ.m.t. sáttumleitanir, eru fyrir hendi og stuðla betur að lausn deilumálsins á réttum tíma í samræmi við ákvæði 8. gr. Innlenda stjórnvaldið skal tilkynna málsaðilum um það án tafar. Ef deilumálið hefur ekki verið leyst eftir fjóra mánuði og ef það hefur ekki verið lagt fyrir dómstóla af hálfu málsaðilans sem leitar réttar síns skal innlenda stjórnvaldið, að beiðni annars hvors málsaðilans, gefa út bindandi ákvörðun til að leysa deilumálið á sem skemmstum tíma og í öllum tilvikum innan fjögurra mánaða.

3. Við lausn deilumáls skal innlenda stjórnvaldið taka ákvarðanir sem miða að því að ná fram markmiðunum sem sett eru í 8. gr. Hvers kyns skyldur, sem innlent stjórnvald leggur á fyrirtæki við lausn deilumáls, skulu vera í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar eða sértilskipananna.

4. Ákvörðun innlenda stjórnsvaldsins skal gerð aðgengileg almenningi að teknu tilliti til krafna um viðskiptaleynd. Hlutaðeigandi aðilar skulu fá allar upplýsingar um forsendur að baki ákvörðuninni.

5. Málsmeðferðin, sem um getur í 1., 3. og 4. mgr., skal ekki koma í veg fyrir að annar hvor aðilinn leggi mál fyrir dómstóla.

21. gr.

Lausn deilumála yfir landamæri

1. Ef upp kemur deilumál yfir landamæri um mál, sem fellur undir þessa tilskipun eða sértilskipanirnar, milli aðila

í mismunandi aðildarríkjum og deilumálið er á valdsviði innlands stjórnvalds í fleiri en einu aðildarríki gildir málsmeðferðin sem sett er fram í 2., 3. og 4. mgr.

2. Öllum aðilum er heimilt að vísa deilumálinu til hlut-aðeigandi innlendra stjórnvalda. Innlendu stjórnvöldin skulu samræma aðgerðir sínar til að leita lausnar á deilumálinu í samræmi við markmiðin sem eru sett fram í 8. gr. Hvers kyns skyldur, sem innlent stjórnvald leggur á fyrirtæki við lausn deilumáls, skulu vera í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar eða sértilskipananna.

3. Aðildarríkin geta veitt innlendu stjórnvaldi rétt til að neita að leysa deilumál ef aðrar aðferðir, þ.m.t. sáttumleitanir, eru fyrir hendi og stuðla betur að lausn deilumálsins á réttum tíma í samræmi við ákvæði 8. gr. Þau skulu tilkynna málsaðilum um það án tafar. Ef deilumálið hefur ekki verið leyst eftir fjóra mánuði, ef það hefur ekki verið lagt fyrir dómstóla af hálfu málsaðilans sem leitar réttar sins og ef annar hvor málsaðilinn krefst þess skulu innlendu stjórnvöldin samræma aðgerðir sínar til að leita lausnar á deilumálinu í samræmi við markmiðin sem eru sett fram í 8. gr.

4. Málsmeðferðin, sem um getur í 2. mgr., skal ekki koma í veg fyrir að annar hvor aðilinn leggi mál fyrir dómstóla.

22. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar („fjarskiptanefndarinnar“).

2. Ef vísað er til þessarar málsgreinar gilda 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, að teknu tilliti til ákvæða 8. gr.

3. Ef vísað er til þessarar málsgreinar gilda 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, að teknu tilliti til ákvæða 8. gr.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB skal vera þrír mánuðir.

4. Nefndin setur sér starfsreglur.

23. gr.

Upplýsingaskipti

1. Framkvæmdastjórnin skal veita fjarskiptanefndinni allar viðeigandi upplýsingar um árangurinn af reglulegu samráði við fulltrúa rekstraraðila neta, þjónustuveitendur, notendur, neytendur, framleiðendur og stéttarfélög, sem og þriðju lönd og alþjóðastofnanir.

2. Fjarskiptanefndin skal, að teknu tilliti til stefnu bandalagsins að því er varðar rafræn fjarskipti, stuðla að upplýsingaskiptum milli aðildarríkjanna og milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar um ástand og þróun eftirlits að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu.

24. gr.

Birting upplýsinga

1. Aðildarríkin skulu tryggja að uppfærðar upplýsingar, sem snerta beitingu þessarar tilskipunar og sértilskipananna, séu birtar opinberlega með þeim hætti að tryggt sé að allir hagsmunaaðilar eigi greiðan aðgang að þeim. Þau skulu birta tilkynningu í stjórnartíðindum sínum þar sem fram kemur með hvaða hætti og hvar upplýsingarnar eru birtar. Fyrstu tilkynninguna skal birta fyrir þann dag sem beiting hefst og um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 28. gr. og eftir það skal birta tilkynningu í hvert skipti sem breyting verður á upplýsingunum sem þar er að finna.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni afrit af öllum slíkum tilkynningum þegar þær eru birtar. Framkvæmdastjórnin skal dreifa upplýsingunum til fjarskiptanefndarinnar ef við á.

25. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða hvernig til tekst með framkvæmd þessarar tilskipunar og gefa Evrópuþinginu og ráðinu reglulega skýrslu, í fyrsta sinn eigi síðar en þremur árum eftir þann dag sem beiting hefst og um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 28. gr. Í þessu skyni er framkvæmdastjórninni heimilt að krefjast upplýsinga frá aðildarríkjunum sem skulu veita þær án ótilhlýðilegrar tafar.

V. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

26. gr.

Niðurfelling

Eftirfarandi tilskipanir og ákvarðanir eru hér með felldar úr gildi frá og með þeim degi sem beiting hefst og um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 28. gr.

— tilskipun 90/387/EBE,

- ákvörðun ráðsins 91/396/EBE frá 29. júlí 1991 um að koma á samevrópsku neyðarnúmeri ⁽¹⁾,
- tilskipun ráðsins 92/44/EBE frá 5. júní 1992 um skilyrði fyrir frjálsum aðgangi að netum fyrir leigulínur ⁽²⁾,
- ákvörðun ráðsins 92/264/EBE frá 11. maí 1992 um að taka í notkun í bandalaginu staðlað aðgangsnúmer fyrir símtöl til útlanda ⁽³⁾,
- tilskipun 95/47/EB,
- tilskipun 97/13/EB,
- tilskipun 97/33/EB,
- tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/10/EB frá 26. febrúar 1998 um frjálsan aðgang að netum (ONP) fyrir talsímaþjónustu og altæka fjarskiptaþjónustu í samkeppnisumhverfi ⁽⁴⁾.

27. gr.

Bráðabirgðaráðstafanir

Aðildarríkin skulu viðhalda öllum skyldum samkvæmt landslögum sem um getur í 7. gr. tilskipunar 2002/19/EB (tilskipunar um aðgang) og 16. gr. tilskipunar 2002/22/EB (tilskipunar um alþjónustu) þar til innlent stjórnvald tekur ákvörðun með tilliti til þessara skyldna í samræmi við 16. gr. þessarar tilskipunar.

Rekstraraðilar fastra, almennra talsímaneta, sem innlent stjórnvald hefur tilnefnt sem aðila með verulegan markaðsstyrk, að því er varðar framboð á föstum, almennum talsímanetum og þjónustu, skv. 1. hluta I. viðauka tilskipunar 97/33/EB eða tilskipunar 98/10/EB, skulu áfram álitnir „tilkynntir rekstraraðilar“ að því er varðar reglugerð (EB) nr. 2887/2000 þar til málsmeðferðinni við markaðsgreiningu, sem um getur í 16. gr., er lokið. Eftir það skulu þeir ekki lengur teljast „tilkynntir rekstraraðilar“ að því er reglugerðina varðar.

28. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 24. júlí 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá 25. júlí 2003.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr landslögum, sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til, og allar síðari breytingar á þessum ákvæðum.

29. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

30. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. mars 2002.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J. C. APARICIO

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 217, 6.8.1991, bls. 31.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 165, 19.6.1992, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/80/EB (Stjtið. EB L 14, 20.1.1998, bls. 27).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 137, 20.5.1992, bls. 21.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 101, 1.4.1998, bls. 24.

I. VIÐAUKI

Skrá yfir markaði sem skal vera að finna í upphaflegum tilmælum framkvæmdastjórnarinnar um viðkomandi vöru- og þjónustumarkaði sem um getur í 15. gr.1. *Markaðir sem um getur í tilskipun 2002/22/EB (tilskipun um alþjónustu)*

16. gr. — Markaðir sem eru skilgreindir samkvæmt fyrri regluramma þar sem endurskoða ber skyldurnar.

Framboð á tengingu við og notkun á almenna talsímanetinu á föstum stöðum.

Framboð á aðgangi að leigulínum til endanlegra notenda.

2. *Markaðir sem um getur í tilskipun 2002/19/EB (tilskipun um aðgang)*

7. gr. — Markaðir sem eru skilgreindir samkvæmt fyrri regluramma þar sem endurskoða ber skyldurnar.

Samtenging (tilskipun 97/33/EB)

tilurð símtala í fasta, almenna talsímanetinu,

lúkning símtala í fasta, almenna talsímanetinu,

umflutningsþjónusta í fasta, almenna talsímanetinu,

tilurð símtala í almennum farsímanetum

lúkning símtala í almennum farsímanetum

samtenging leigulína (samtenging hluta leigulína).

Netaðgangur og sérstakur netaðgangur (tilskipun 97/33/EB, tilskipun 98/10/EB)

aðgangur að fasta, almenna talsímanetinu, þ.m.t. sundurgreindur aðgangur að heimtaug,^f

aðgangur að almennum farsímanetum, þ.m.t. forval.

Leigulínuflutningsgeta í heildsölu (tilskipun 92/44/EBE)

framboð á leigulínuflutningsgetu í heildsölu til annarra sem bjóða rafræn fjarskiptanet eða -þjónustu.

3. *Markaðir sem um getur í reglugerð (EB) nr. 2887/2000*

Þjónusta sem er veitt um sundurgreinda (samtvinnuð vírapar) heimtaug.

4. *Viðbótarmarkaðir*

Innlendur markaður fyrir alþjóðlega reikiþjónustu á almennum farsímanetum.

*II. VIÐAUKI***Viðmiðanir sem innlent stjórnvald skal nota við mat á sameiginlegum yfirburðum í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 14. gr.**

Tvö eða fleiri fyrirtæki geta talist vera með yfirburðastöðu í skilningi 14. gr. ef þau starfa á markaði sem er þannig uppbyggður að það er talið stuðla að samræmdum áhrifum, jafnvel þó ekki séu til staðar skipulagsleg eða önnur tengsl á milli þeirra. Með fyrirvara um dómaframkvæmd dómstóls Evrópubandalaganna um sameiginlega yfirburði er líklegt að sú sé raunin ef markaðurinn hefur allmörg viðeigandi einkenni, einkum með tilliti til markaðsþjöppunar, gagnsæis og annarra einkenna sem getið er um hér á eftir:

- mettaður markaður,
- stöðnun eða hóflegur vöxtur að því er varðar eftirspurn,
- lítill sveigjanleiki í eftirspurn,
- einsleit vara,
- svipaðar kostnaðarsamsetningar,
- svipuð markaðshlutdeild,
- skortur á tækninýjungum, þróuð tækni,
- umframafkastageta ekki til staðar,
- miklar hindranir gegn aðgangi,
- skortur á mótvægisáhrifum kaupmáttar,
- skortur á hugsanlegri samkeppni,
- ýmiss konar óformleg og annars konar tengsl milli hlutaðeigandi fyrirtækja,
- mótvægisáðgerðir,
- skortur á eða takmarkað ráðrúm fyrir verðsamkeppni.

Framangreind skrá er hvorki tæmandi né heldur er um heildarviðmiðanir að ræða. Skránni er frekar ætlað að sýna einungis þær tegundir sannana sem hægt væri að nota til að styðja yfirlýsingar um að sameiginlegir yfirburðir séu fyrir hendi.
